

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Nr. 14/1945. Réttvísín og valdstjórnin

(Kristján Guðlaugsson)

gegn

Snorra Sturlusyni (Ragnar Ólafsson).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Snorri Sturluson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. október 1944.

Ár 1944, mánudaginn 30. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2553/1944: Réttvísín og valdstjórnin gegn Snorra Sturlusyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Snorra Sturlusyni verkamanni til heimilis í bragga nr. 61 á Skólavörðuholti hér í bæ fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, áfengis-lögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Ákærði er kominn yfir lögdur sakamanna, fæddur 10. febr. 1921 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

1934 $\frac{1}{2}$ Áminning fyrir spellvirki á húsi.

- 1934 $1\frac{5}{1}$ Kærður fyrir ófrjálsa töku á reiðhjóli. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1935 $2\frac{2}{10}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjólahlutum. Sama afgreiðsla.
- 1936 $2\frac{0}{7}$ Kærður fyrir þjófnað á 10 krónum. Sama afgreiðsla.
- 1937 $\frac{5}{1}$ Kærður fyrir þjófnað. Sama afgreiðsla.
- 1941 $1\frac{1}{1}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $1\frac{0}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{0}{6}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1941 $\frac{4}{7}$ 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $1\frac{2}{2}$ Sátt, 100 kr. sekt, kr. 269,50 skaðabætur, fyrir ölvun og óspektir.
- 1943 $2\frac{0}{6}$ Dómur lögregluréttar, 250 kr. sekt og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir að neyta áfengis við bifreiðarakstur.
- 1944 $\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna og 17. gr. áfengislaganna.
- 1944 $2\frac{0}{6}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir að aka bifreið með lélega hemla og ófullnægjandi ljós.

Málavextir eru þessir:

Nokkru eftir miðnætti 19. ágúst síðastliðinn ók Jón Pétursson Einarsson bifreiðarstjóri, Skothúsvegi 7, með ákærða og Gústaf Ófeigsson bifreiðarstjóra, Laugaveg 86, í bifreið sinni, R 2550, um bæinn. Við bifreiðarstöð Íslands tóku þeir Jósteyn Magnússon bifreiðarstjóra, Ingólfsstræti 21 B, í bifreiðina. Kærði átti eina flösku af whisky, og drukku farþegarnir þrjú úr henni, Jósteyn þó aðeins lítið eitt. Ákærði og Gústaf urðu brátt ölvaðir, og vildi þá Jón Pétursson losna við þá úr bifreiðinni. Stöðvaði hann bifreiðina í því skyni á Bergþórugötu fyrir norðan Sundhöllina.

Er þetta skeði, voru blaðamennirnir Jón Helgason, Valdimar Jóhannsson og Helgi Sæmundsson og Leifur Haraldsson skrifari að koma úr kunningjahópi í Norðurmýri og gengu vestur Njálsgötu. Leifur var drukkinn, og bar Jón hann að nokkru. Jón dróst því dálítið aftur úr hinum félögum sínum. Er Jón var kominn að opna svæðinu fyrir norðan Sundhöllina, en austan við Barónsstíg, lagði hann Leif frá sér á gangstéttina.

Jón segir, að þrjú menn hafi þá komið hlaupandi sunnan opna svæðið fyrir norðan Sundhöllina og ráðist umsvifalaust á hann, án þess að nokkur orðaskipti ættu sér stað á milli hans og þeirra. Tveir þeirra hafi slegið hann mörg högg í höfuðið. Valdimar Jóhannsson hafi svo komið á vettvang, og þeir þá ráðizt á hann, svo að hann hafi dottið, og hafi annar árásarmannanna barið hann í höfuðið upp við steinvegg. Jón kveðst hafa hrakizt upp á gangstéttarhornið við Barónsstíg að austanverðu, en komizt síðan heim til sín. Hann kveðst ekki þekkja árásarmennina, en segir,

eftir að hafa séð Jóstein Magnússon í réttarhöldunum, að hann hafi verið annar aðalárásarmannanna.

Valdimar Jóhannsson, sem gekk dálítið á undan Jóni, kveðst hafa séð þrjá menn hlaupa til Jóns, og hafi hann þá gengið í áttina til Jóns, en búíð hafi verið að slá Jón, er hann hafi komið til hans. Hann kveðst ekki hafa séð, hver sló Jón, en tveir menn, sem hann þekkir ekki, hafi staðið hjá honum. Annar mannanna hafi svo reitt hnefann til að slá Jón, en þá kveðst Valdimar hafa náð í handlegg mannsins og spurt, hvað hér væri um að vera. Hafi þá maðurinn ráðizt að honum án þess að svara honum og barið hann í andlitið nokkur högg, svo að hann missti meðvitund ör-litla stund og féll í götuna. Fólk hafi svo komið þarna að, og hafi þeim Jóni tekizt að komast heim til Jóns.

Helgi Sæmundsson kvaðst ekki geta sagt um, hver hafi slegið Jón og Valdimar, eða hvort sami maðurinn hafi gert það.

Ákærði og félagar hans hafa borið það, að er þeir voru staddir fyrir norðan Sundhöllina, hafi þeim allt í einu orðið litið norður á Njálsgötu og séð þar nokkra menn, þeir hafi talið, að þarna væri eitthvað um að vera, og því hlaupið þangað. Litill maður hafi legið þar í götunni og menn staðið þar hjá honum.

Ákærði kveðst hafa haldið, að maðurinn, sem lá í götunni, hefði verið sleginn, og því hafi hann snúið sér að mönnum þeim, er stóðu hjá honum, en þeir þá sagt, að ákærða kæmi þetta ekkert við. Segir ákærði, að til ryskinga hafi svo komið milli hans og tveggja af mönnum þessum. Hafi hann komið höggi á mennina og annar fallið í götuna. Ryskingunum hafi linnt, er mennirnir hafi haldið niður Barónsstig.

Jón Pétursson Einarsson kveðst hafa séð ákærða slá tvo menn, og hafi annar fallið á gangstéttina, en kveðst ekki vita, hvers vegna ákærði sló þá eða hvað þeim hafi farið áður á milli. Jón kveðst hafa reynt að stilla ákærða, er hann hafi ætlað að slá mennina í annað sinn, og getað komið honum burt í bifreið sinni.

Jósteynn Magnússon kveðst hafa komið seinastur féлага sinna norður á Njálsgötu, og hafi þá verið komið þar til ryskinga. Hafi hann séð ákærða, sem verið hafi alveg trylltur, slá tvo menn mörg högg í andlitið, og hafi annar fallið í gangstéttina.

Gústaf Ófeiggsson kveðst hafa stutt manninn, sem lá í götunni, á fætur, og hafi hann því ekki tekið vel eftir öðru, sem skeði á meðan. Hann kveðst þó hafa tekið eftir því, að ákærði lenti í áflogum. Hafi hann séð mann detta af völdum ákærða, því að hann hafi slegið frá sér, er maðurinn datt.

Jóni Péturssyni Einarssyni, Jósteyni Magnússyni og Gústafi Ófeiggssyni ber öllum saman um, að þeir hafi ekki tekið þátt í ryskingunum.

Svo hljóðandi vottorð, dags. 19. ágúst s. l., frá H. Stefánssyni

lækni um meiðsli Jóns Helgasonar og Valdimars Jóhannssonar hafa verið lögð fram í málinu:

„Jón Helgason, Grettisgötu 60, hefur orðið fyrir árás, á hægra augnaloki er 2 cm langur skurður, er sauma þarf saman, jafnlangur fyrir ofan augabrún, það er sprungið fyrir á neðri vör, hann kvartar einnig talsvert um svima.“

Valdimar Jóhannsson, Garðastræti 39, hefur orðið fyrir árás, á hægri kinn hans, rétt fyrir neðan augað, er ca 2 cm langur skurður, er sauma þarf saman, hann hefur einnig þrota (mar) á neðri vör.“

Enn fremur svo hljóðandi vottorð dags. 19. ágúst s. l., frá K. Jónssyni lækni um meiðsli Valdimars:

„Herra Valdimar Jóhannsson, Garðastr. 39, kom til min að morgni þess 1½ og kvaðst hafa orðið fyrir árás þá um nóttina. Við rannsókn kom í ljós ca 2 cm langur skurður neðan við h. auga og talsverð blárauð bólga í kring. Enn fremur var neðri vörin stokkbólgin vinstra megin og á henni alldjúpur skurður að inn-anverðu, sem hafði sprungið fyrir á 2 tönnum.“

Með framburðum þeim, er nú hafa verið raktir, er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um líkamsárás, sem með tilliti til áverka þeirra, er af hlutust, varðar við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá þykir ákærði enn fremur hafa brotið gegn 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Jón Helgason og Valdimar Jóhannsson hafa gert bótakröfur á hendur ákærða út af árásinni. Kröfur Jóns eru þessar: 1. Fyrir þjáningar, vanlíðan og líkamslýti, kr. 1500.00; 2. fyrir vinnutap í þrjá daga, kr. 300.00; 3. Skemmdir á fötum, kr. 250.00; 1. Skemmdir á úri, kr. 100.00; 5. Fyrir lækniáðgerð og vottorð, kr. 20.00. Samtals kr. 2170.00.

Kröfur Valdimars eru þessar: 1. Fyrir þjáningar, vanlíðan og líkamslýti, kr. 1500.00; 2. Fyrir vinnutap í 3 daga, kr. 300.00; 3. Skemmdir á hatti, kr. 50.00; 4. Fyrir lækniáðgerð og vottorð, kr. 23.00. Samtals kr. 1873.00.

Ákærði hefur mótmælt bótakröfum þessum. 3.—5. kröfuliðir Jóns Helgasonar og 3.—4. kröfuliðir Valdimars Jóhannssonar eru nægilega rökstuddir og verða því teknir til greina. Bætur fyrir þjáningar, vanlíðan, líkamslýti og vinnutap þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 800.00 til hvors um sig. Samkvæmt þessu ber ákærða að greiða Jóni Helgasyni kr. 1170.00 og Valdimar Jónhannsyni kr. 873.00 í skaðabætur, og skulu þær greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar,

þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Áka Jakobssonar lögfræðings.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Snorri Sturluson, sæti fangelsi í 30 daga.

Hann greiði Jóni Helgasyni kr. 1170.00 og Valdimar Jóhannssyni kr. 873.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Áka Jakobssonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Nr. 95/1944. **Sigurður Berndsen** (Gunnar J. Möller)
gegn

Péttri Ottasyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóknun fyrir geymslu báts á skipasmíðastöð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1944, hefur gert þá aðalkröfu, að honum verði dæmt að greiða stefnda kr. 558.09, en til vara kr. 1030.32, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Komið er fram í flutningi málsins, að áfrýjandi greiddi stefnda kr. 500.00 fyrir tímabilið 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942, og svarar það til ca kr. 2.16 dag hvern, og gerir það kr. 1030.32, sem varakrafan er miðuð við. Aðalkrafan er hins vegar miðuð við það, að í áðurnefndum kr. 500.00 séu faldar kr. 228.00 fyrir uppsátur, og því hafi áfrýjandi raunverulega aðeins greitt fyrir geymslu bátsins kr. 272.00, er svari til ca kr. 1.17 hvern dag, og verði það kr. 558.09. Hið